

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 47/2003

frá 16. maí 2003

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2002 frá 6. desember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2001 frá 18. janúar 2002 ⁽²⁾.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarmarkaðssetningu fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við á eftir lið 30c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB):

„IV. Ákvæði sem varða allar tegundir fjármálaþjónustu

30d. **32002 L 0065:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarmarkaðssetningu fjármálaþjónustu fyrir neytendur og breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 38, 13.2.2003, bls. 28 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 9, 13.2.2003, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 65, 7.3.2002, bls. 40 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 13, 7.3.2002, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16.

- b) Eftirfarandi bætist við í fyrsta undirlið (tilskipun ráðsins 90/619/EBE) 11. liðar (fyrsta tilskipun ráðsins 79/267/EBE):

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0065**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

2. XIX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við í lið 3a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 L 0065**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

- b) Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB):

- „- **32002 L 0065**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2002/65/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann